

## 5. Stjórnarfundur í FUM var haldinn þriðjudaginn 17. maí kl. 15:30-17 í Odda, fundarherbergi á 1. hæð.

Mætt voru: Amalía Björnsdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar F. Ólafsson og Guðný Guðbjörnsdóttir. Kristjana Stella Blöndal boðaði forföll og Hafþór Guðjónsson mætti ekki af óviðráðanlegum orsökum. Formaður ritaði fundargerð í forföllum ritara.

Dagskrá:

### 1. Umræða um útkomið hefti Tímaritsins, fagleg gagnrýni, veganesti til ritstjórnar

Heftið var rætt og nýjum ritstjóra bent á ýmislegt sem betur mátti fara, bæði við yfirlestur á heimildaskrám og við ritrýningu einstakra greina. Áhersla lögð á að ritnefnd gefi úr skýr fyrirmæli til höfunda og ritrýna næsta heftis og að vandað verði til ritrýni og prófarkalestrar næsta heftis. Ánægja kom fram um hvað margt fróðlegt væri að finna í tímaritinu.

### 2. Fréttatilkynning vegna Tímarits um menntarannsóknir

Formaður lagði fram drög sem voru rædd, þar sem áhersla er bæði á útkomna heftið og á nýja ritstjórn og næsta hefti. Ákveðið var að kynna útkomna heftið efnislega, segja frá hvaðan höfundar koma og stutta lýsinu á innihaldi viðkomandi greina. Formaður og ritstjóri gangi frá tilkynningunni og sendi hana fjölmiðlum við fyrsta tækifæri, ásamt eintaki af fyrsta heftinu þar sem það á við.

### 3. Ráðstefna FUM 19. nóvember 2005

Rædd var staðsetning. Húsnæði Kennaraháskólans stendur til boða, á sömu kjörum og áður, skv. bréfi frá Ólafi Proppé rektor. Ekki er ljóst enn með húsnæði Háskóla Íslands. Ræddum kosti og galla þess að hafa ráðstefnuna í HÍ og KHÍ, ákvörðun frestað til næsta fundar.

Rætt var um undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna. Amalía tók að sér að fá aðila frá KHÍ, Guðný frá HÍ en einnig var lögð áhersla á að fá fulltrúa frá HA, spurning hvort það eigi að vera sami aðili og er í ritnefndinni.

### 4. Önnur mál.

Rætt um nauðsyn þess að fara vandlega yfir fjármálin á næstunni, bæði m.t.t. tímaritsins, ráðstefnunnar, og innheimtu félagsgjalda .

Næsti fundur er fyrirhugaður um 20. júní, sem verður boðaður bréflega með dagskrá.

Fleira ekki gert.